

## Skapandi skólastarf

Miklivægt er að laða fram sköpunarkraft nemenda í skólastarfinu. Í Tjarnarskóla höfum við farið ýmsar leiðir til þess að ýta undir þennan færniþátt hjá hverjum og einum. Myndmennt, leiklist, tónlist, viðfangsefni þemadaga, samþætt verkefni af ýmsu tagi, uppbot, skapandi vinna í tengslum við hinar ýmsu námsgreinar eru ávallt í brennidepli í skólastarfinu. Rannsóknarverkefni vetrarins hafa verið okkar stolt. Við gerð þeirra er lögð mikil áhersla á skapandi framsetningu og fjölbreytni í efnistöfum. Margar myndir eru til í vörslu skólans sem sýna fram á óendanlegt hugmyndaflug og sköpun nemenda á þessu sviði. Við höfum sóst eftir að fá gesti, fara með nemendur í heimsóknir sem tengist listsköpun af ýmsu tagi. Skapandi skrif, leiklist, kvikmyndalist og fleira skemmtilegt eru viðfangsefni á hverjum skólavetri. Sem dæmi má nefna að veturinn 2013-2014 höfum við verið í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík, nemendur unnu afar skapandi viðfangsefni á þemadögum í desember, sem nefndist Jólapeysan 2013. Allir nemendur hönnuðu jólapeysu og söfnuðu einnig áheitum fyrir Barnaheill. Hönnun og handverk hefur verið iðkuð í textílmennnt og tálgun, nemendur hafa einnig verið skapandi í tölvuforritun og stuttmyndagerð, tekið þátt í Stíl og margt fleira hefur litið dagsins ljós. Rithöfundar hafa komið til okkar og lesið upp úr verkum sínum og matargerðarlist verið þjálfuð.

